

## 4. stjórnarfundur í stjórnartíð Vesturlands og Vestfjarða í Skógfræðingafélaginu.

*Haldinn í síma 09.05.2013 kl.13:00*

Mættir stjórnarmenn eru Lilja, Valdimar og Sighvatur ásamt varamanni, Bergsveini Þórssyni.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 09.03.2013. lögð fram og samþykkt.
2. Aðalfundur félagsins haldinn að Hallormsstað 12.03.2013, rætt umfundargerð og verkefni sem stjórn var falið að vinna að eftir fundinn. Eftir er að útbúa nýja útgáfu af lögum félagsins eftir breytingu þeirra á aðalfundinum, formaður tekur að sér að ganga frá þeirri útgáfu og senda til félagsmanna ásamt fundargerð aðalfundar. Einnig þarf að tilkynna endurmenntunarnefnd um kosningu hennar, Stjórn ákvað að óska eftir samstarfi endurmenntunarnefndar vegna Gunnarssjóðs og mögulegrar umsóknar í Leonardo verkefni sem áhugi er hjá skógargeiranum að vinna að. Stjórn ákvað að afla frekari upplýsinga um Gunnarssjóð, stöðu hans og ávöxtun og reyna að hittast ásamt fulltrúa fjölskyldu Gunnars Freysteinsonar í byrjun júní þar sem rætt yrði betur um sjóðinn og verkefni í tengslum við hann svo sem Gunnarslund og jafnvel skógardag í sumar. Ákveðið var að senda ályktanir aðalfundarins, 1. og 3. ályktun (2. ályktun var send morguninn eftir fundinn) til nýrra ráðherra þegar ný ríkisstjórn er tekin við. Öðrum verkefnum frá aðalfundi vísað til næsta stjórnarfundar sem haldinn verður með haustinu.
3. Þátttaka í málþingi um brunavarnir í byrjun júní sem SFFÍ stendur að ásamt landshlutaverkefnunum, Lilja verður ráðstefnustjóri en auk hennar mun Valdi sitja þingið fyrir hönd SFFÍ og Beggi mun flytja erindi á þinginu. Áhersla SFFÍ varðandi brunavarnir er að nýta þekkingu skógfræðinga í áætlunargerð til að reyna að auka áherslu á náttúrulegar brunavarnir í skógum til framtíðar, hafa í huga vatnstökustaði og vegalagningu við gerð áætlana og vinna með viðbragðsaðilum til að efla brunavarnir í skógum svo sem hægt er.
4. Rætt um þátttöku SFFÍ í fræðafundi sem haldinn verður í Hveragerði 24.maí sem LbhÍ, Mógilsá og norræn samstarfsverkefni standa að ásamt SFFÍ. Ákveðið var að greiða helming þátttökugjalds þ.e. 1.500,- kr., þeirra félagsmanna sem mæta á eigin verum en ekki fyrir hönd síns vinnustaðar. Stefna félagsins varðandi greiðslu ráðstefnugjalda á eingöngu við þær ráðstefnur sem félagið stendur að og þá eingöngu ef félagsmaður mætir á eigin vegum en ekki fyrir hönd vinnuveitanda. Ávallt skal þó taka ákvörðun um þátttöku í ráðstefnugjaldi fyrir hverja ráðstefnu fyrir sig á stjórnarfundum SFFÍ áður en ráðstefna er haldin. Fulltrúi SFFÍ í Hveragerði verður að öllum líkindum Beggi.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundargerð ritaði Lilja Magnúsdóttir.